



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Reykjavík, 1. júlí 2024

MIR24070001

Endurskoðun á málsmeðferðarreglum borgarráðs um veitingastaði og gististaði stendur nú yfir og er ástæða til að skoða hvort þörf er á óbreyttum sérstökum ákvæðum um áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði.

Á fundi borgarstjórnar 13. júní 2024 var samþykkt að fela menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar að leita eftir samráði við íþróttafélögin og aðra hagaðila varðandi 11. gr. málsmeðferðarreglna borgarráðs um veitingastaði og gististaði, sem samþykktar voru í janúar árið 2017, en þar er að finna þá reglu að „**áfengisveitingar í íþróttamannvirkjum í tengslum við íþróttaviðburði eru bannaðar. Undir þetta ákvæði falla áfengisveitingar fyrir eða eftir íþróttaviðburð eða á meðan á honum stendur.**“ Síðustu ár hefur þó verið fallist á að heimila áfengisveitingar í tengslum við einstaka íþróttaviðburði með áfengisleyfi, eftir umsögn borgarráðs.

Í ljósi þess er óskað eftir því að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð veiti umsögn um 11. gr.

Óskað er eftir að umsögnin berist fyrir 20. ágúst 2024 á netfangið [mir@reykjavik.is](mailto:mir@reykjavik.is)

Virðingarfyllst,



Eiríkur Björn Björgvinsson,  
sviðsstjóri  
menningar- og íþróttasviðs



Reykjavík